

Miklilax í Fljótum. Efnasamsetning heits
vatns

Magnús Ólafsson

Greinargerð MÓ-87-11

ORKUSTOFNUN
 Jarðhitadeild
 1987-04-14

Greinargerð
 MÖ-87/11
 mÓ

MIKLILAX Í FLJÓTUM
 Efnasamsetning heits vatns

Þann 18. október 1986 var tekið sýni af vatni úr holu 13, sem er staðsett á bakka Miklavatns í Fljótum. Hiti vatnsins frá holunni mældist 62,5°C en rennsli var ekki mælt.

Vatnssýnið hefur verið efnagreint á efnarannsóknarstofu Orkustofnunar og eru niðurstöður sýndar í eftirfarandi töflu.

Tafla 1. Efnasamsetning vatns (mg/kg).

Staður	Hola 13
Dags.	86.10.18
Númer	0165
Hiti (°C)	62,5
pH/°C	10,0/19
SiO ₂	93,1
Na	64,4
K	1,0
Ca	1,8
Mg	0,01
Fe	0,02
CO ₂	22,6
SO ₄	33,2
H ₂ S	0,6
Cl	26,1
F	0,52
Uppl. efni	271

Vatnið virðist vera hæft til nýtingar, en þó er rétt að benda á, að styrkur brennisteinsvetnis (H₂S) og sýrustig (pH) er herra en talið er æskilegt í vatni, sem nota á við seiða- og/eða fiskeldi.

Efnainnihald jarðhitavatns getur gefið upplýsingar um hita djúpt í jörðu þar sem vatnið er í jafnvægi við það berg sem það streymir um. Útreikningar á slíkum efnahita benda ekki til þess, að búast megi við verulega heitara vatni á þessum slóðum.

Magnús Ólafsson